

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Vogum.

*Breyting á deiliskipulagi, Vogar – Iðndalur.*

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti þann 29. apríl 2014 breytingu á deiliskipulagi fyrir Iðndal. Breytingin nær til reits sem afmarkast af lóðinni við Iðndal 2. Breytingin felst í að innan lóðar Iðndals 2 er tekin út 45 m<sup>2</sup> lóð fyrir dreifistöð rafveitu, sem er til staðar og hefur ekki verið mörkuð sérstök lóð fram að þessu, og minnkar lóð fyrir Iðndal 2 sem því nemur. Markaður er 30 m<sup>2</sup> byggingarreitir á lóðinni fyrir dreifistöð og sett fram kennisnið, sem heimila nýja dreifistöð, allt að 2,5 m x 3,5 m að grunnfleti og 2,3 m háa, komi til endurnýjunar. Einnig er sett inn kvöð um legu lagna og aðkomu að dreifistöð ásamt göngustíg fyrir almenning.

*Breyting á deiliskipulagi, íþróttasvæði, tjaldsvæði og Aragerði.*

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti þann 29. apríl 2014 breytingu á deiliskipulagi fyrir íþróttasvæði, tjaldsvæði og Aragerði. Breytingin afmarkast við reit sem er norðan Hafnargötu, austan Marar- og Mýrargötu og vestan Vatnsleysustrandarvegar. Breytingin felst í að: Norðan- og vestanmegin við fótboltavöll eru settir inn byggingarreitir fyrir áhorfendastúkur án skyggnis eða baks. Heimilt er að byggja allt að 2,0 m háan skjólvegg ofan á manartoppi aftan við stúkurnar. Hámarksstærðir: að norðanverðu: 50 x 9,2 m eða 460 m<sup>2</sup> að vestanverðu: 50 x 8,3 m eða 415 m<sup>2</sup>. Lóð nr. 19 er færð um 3 m til suðurs til samræmis við lóðarblað.

Ofangreindar tillögur um deiliskipulagsbreytingar hafa hlutið meðferð skv. 42. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með síðari breytingum. Deiliskipulagstillögurnar öðlast þegar gildi.

*Vogum, 20. maí 2014.*

**Ásgeir Eiríksson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 4. júní 2014